
Aukið malarnám í Bugamel í landi Norðurkots í Reykjavík

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 14. janúar 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Sigurbirni Hjaltasyni um fyrirhugað aukið malarnám í Bugamel í landi Norðurkots, Reykjavík samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. liði 2.03 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Reykjavíkurborgar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Aukið malarnám í Bugamel í landi Norðurkots í Reykjavík. Fyrirsögn um matsskyldu. Sigurbjörn Hjaltason, janúar 2021.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar með bréfi dags. 26. janúar 2021.
- Fiskistofu með tölvupósti dags. 17. febrúar 2021.
- Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með bréfi dags. 29. janúar 2021.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 29. janúar 2021.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með bréfi dags. 29. janúar 2021.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 27. janúar 2021.
- Vegagerðinni með bréfi dags. 29. janúar 2021.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 1. og 18. febrúar 2021.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Forsaga

Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér aukna efnistöku í Bugamel í landi Norðurkots norðan Hvalfjarðarveggar. Efnistaka hefur farið fram á svæðinu í áraraðir eða allt frá árinu 1976 og er talið að þegar hafi verið teknir um 250.000 m³ efnis á svæðinu. Árið 2015 tók Skipulagsstofnun ákvörðun um að efnistaka á allt að 75.000 m³ ásamt móttöku sama magns efnis til ársins 2030 skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Fyrirhuguð framkvæmd sem nú er til umfjöllunar gerir ráð fyrir að numið verði á brott allt að 74.000 m³ efnis til viðbótar ásamt móttöku á sambærilegu magni af hreinum jarðvegsefnum til haugsetningar og endurgerðar landslagsheildar til ársins 2030.

Efnistökusvæði

Fram kemur að heildarstærð þegar raskaðs svæðis sé um 3,8 ha, þar af er 1,4 ha svæði frágengið. Stærð þess svæðis sem fyrirhuguð er að raska er um 1,0 ha til suðurs. Gert er ráð fyrir að efnistaka verði áfram með svipuðu sniði og verið hefur, þ.e. efnistaka með vinnuvélum, hörpun efnisins í þar til gerðri vél og flokkun þess. Lögð er áhersla á að geymsla olíuefna verði ekki á námusvæðinu



umfram það sem á vélum eru hverju sinni og ströng skilyrði verða sett um aðflutt efni til fyllingar og frágangs.

Tilgangur framkvæmdar er að mæta eftirspurn fyrir malarefni á nálægu svæði og í nýjan Vesturlandsveg ásamt möguleika á móttöku hreinna jarðefna til frágangs námusvæðisins.



Mynd 1. Sýnir afmörkun námu E1 í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 (úr greinargerð framkvæmdaraðila).



4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila og umsögnum umsagnaraðila.

Ásýnd og landslag

Fram kemur að aðkoma að námusvæðinu sé af Hvalfjarðarvegi um skarð í mönum sem skermi námuna frá veginum. Fyrirhugað er að hækka mön á milli námu og Hvalfjarðarvegur og hylja frágengið námusvæði með gróðurhulu með mold og búfjáraburði. Gert er ráð fyrir að jarðvegsefni sem ekki nýtist til efnisvinnslu ásamt aðfluttu efni verði nýtt jafnóðum til frágangs á fullunnum hluta námusvæðisins.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að náma í Bugamel hafi vissulega staðbundin áhrif á ásýnd landsins. Áhrif af stækkun svæðisins til suðvesturs meðfram þjóðveginum séu þó lítil. Jafnframt sé það eitt sjónarmið að betra sé að halda áfram með efnistöku úr þessari námu upp að einhverju ákveðnu marki í stað þess að byrja á nýjum efnistökuþöðum. Mikilvægt er þó að öll umgegni innan og við námusvæðið sé góð og gætt sé að ekki rofni úr námunni til norðurs svo ásýnd svæðisins haldist þegar ekið er út sunnanverðan Hvalfjörð til suðvesturs.

Verndarsvæði og jarðminjar

Fram kemur að námusvæðið er fornar árósamyndanir og sjávarhjallar frá ísaldarlokum myndaðir úr framburði Esju um Miðdal, nú Kiðafellsá. Á námusvæðinu er hjallarnir þykkastir 15-20 m en þunnast til norðurs og vesturs. Norðar þekja sjávarhjallarnir merka jökulruðninga við Hvalfjörð, þ.e. Ósmel, sem er á náttúruminjaskrá. Norðurhluti námusvæðisins sem áður var unnið úr er innan verndarsvæðisins. Landeigandi fór fram á að afmörkun svæðisins yrði breytt og með bréfi dags. 9. maí 2011 féllst Umhverfisstofnun á breytingu á afmörkun svæðisins á náttúruminjaskrá þannig að mörkin eru nú við norðurjaðar námusvæðisins.

Í umsögn Reykjavíkurborgar eru ítrekuð fyrri tilmæli um að ef verðmætar náttúruminjar t.d. sjávarsteingervingar finnast við námuvinnsluna, þá skuli það umsvifalaust tilkynnt til Umhverfisstofnunar svo hægt sé að leggja mat á umfang og verndargildi þeirra. Einnig að áfram sé tryggt að starfsemi á efnistökusvæðinu valdi engu raski á verndarsvæðinu sem sannarlega er nálægt.

Hljóðmengun og fok

Fram kemur í greinargerð að þar sem að náman sé niðurgrafin verði lítt vart við hávaða frá starfseminni og eigi það einnig við um fok úr námunni. Líklegast sé að íbúar Laufbrekku sem er í um 200 m fjarlægð frá námusvæðinu verði helst fyrir áhrifum. Til að draga úr áhrifum af foki verður laust efni unnið ofan í námunna og miðað við að námustálið verði að jafnaði með fláa.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) er bent á að í ljósi kvartana sem borist hafa um ónæði vegna hávaða frá vinnu í námunni í nærliggjandi íbúðarhús og smáhýsi þurfi að gera grein fyrir aðgerðum til að draga úr slíku ónæði. Ekki liggja fyrir í gögnunum útreikningur á dreifingu hávaða vegna efnisvinnslu og móttöku efnis en gert er ráð fyrir því að ónæði sé ekki af námuvinnslunni vegna þess að náman sé niðurgrafin. Í ljósi þess að efnistökusvæðið er að stækka og vinnsla að aukast eru líkur á auknu ónæði. Skilyrði varðandi hávaðavarnir auk annarra mengunarvarna megi setja í starfsleyfi vegna námunnar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að að ekki liggja fyrir útreikningur á dreifingu hávaða vegna efnisvinnslunnar. Framkvæmdaraðili telur sjálfsagt að slíkar mælingar fari fram og að slík mæling verði skilyrt í endurskoðuðu framkvæmdaleyfi.



Gróður og dýralíf

Fram kemur að í námubotninum sé kaldavermsl, með u.þ.b. 5 l/sek meðalrennsli sem rennur um rás í jaðri námunnar í settjörn innan námusvæðisins áður en vatnið fer um niðurgrafið rör í gegnum mön, sem lokar námunni til norðausturs, og síðan áfram um 150 m leið í Kiðafellsá. Fiskur er í settjörn og er rás til Kiðafellsár fiskgeng. Grugg hefur ekki borist í ána svo nokkru nemi og er áhersla lögð á að svo verði áfram.

Fram kemur að á árum áður hafi Bugamelur verið gróðurlíttill melur en á síðustu 20 árum hefur húsdýraáburður verið nýttur til uppgræðslu í miklum mæli. Nú sé landið umhverfis efnistökusvæðið að mestu vel gróið. Fram kemur að fyrir uppgræðslu hafi verið talsvert krúvarp á melunum en það hafi að mestu látið alveg undan þó að ástæður þess séu ekki að fullu kunnar. Í dag verpi Kría helst í jaðri frágengins hluta námusvæðisins. Einnig eigi sandlóupar óðal á námusvæðinu og komi upp ungum árlega. Þá nýti endur og vaðfuglar kaldavermsl, rás og settjörn á námusvæðinu.

Í umsögn Fiskistofu kemur fram að áhrif áframhaldandi efnistöku með sama fyrirkomulagi muni ekki hafa teljandi áhrif á laxa- eða silungastofna eða varði veiðihagsmuni, umfram það verið hefur hingað til.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkurborgar 2010-2030.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Reykjavíkurborgar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Ekki liggur fyrir deiliskipulag af efnistökusvæðinu í Bugamel en fram kemur að fyrirhugað sé að vinna deiliskipulag fyrir svæðið. Skipulagsstofnun telur að leyfisveitingar til svo umfangsmikillar og langvarandi efnistöku þurfi að byggja á deiliskipulagi.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða stækkun og aukið malarnám á efnistökusvæði sem er þegar í notkun og gert er ráð fyrir í aðalskipulagi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og liði 2.03 og 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli og staðsetning framkvæmdar og gerð og eiginleikar hugsanlegra áhrifa

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, nýtingar náttúruauðlinda, mengun og ónæði sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, einkum með tilliti til landslagsheilda og kjörlendis dýra sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Við mat á áhrifum skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til: umfangs áhrifanna og fjölbreytileika þeirra, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar og afturkræfi og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Um er að ræða nokkuð umfangsmikla efnistöku á svæði sem þegar hefur verið raskað að stærstum hluta. Efnistökusvæðið liggur fast að svæði sem er á náttúruminjaskrá en Umhverfisstofnun bendir á í umsögn sinni að hluti svæðisins, þ.e. Bugamelur hefur lítið verndargildi eins og ástand melsins er í dag. Efnistaka hefur farið fram á svæðinu um áratuga skeið og má telja að áhrif framkvæmdanna séu þegar að mestu komin fram, einkum sjónræn áhrif efnistökusvæðisins og stækkun þess til suðvesturs meðfram þjóðvegi er ekki líkleg til að breyta ásýnd svæðisins að neinu marki Náttúrufræðistofnun bendir á í umsögn sinni að betra sé að halda efnistöku áfram á þessu svæði



upp að ákveðnu marki en að byrja á nýjum efnistökusvæðum. Áhrif efnistökkunnar eru og verða bundin við afmarkað svæði, þau verða að einhverju leyti varanleg en kunna að vera a.m.k. að hluta til afturkræf ef horft er til frágangs svæðisins að efnistöku lokinni.

Við stækkunina færast námuvinnslan nær íbúðarhúsinu við Laufbrekku þannig að íbúar kunna að verða fyrir ónæði vegna hávaða og hugsanlegum óþægindum vegna ryks eða sandfoks. Skipulagsstofnun tekur undir með umsögn HER og telur að í starfsleyfi eigi að vera ákvæði um aðgerðir til að draga úr hugsanlegu ónæði vegna hávaða.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 22. mars 2021.

Reykjavík, 18. febrúar 2021.

Jakob Gunnarsson

Tinna Jónsdóttir